

**Nd.**

**405. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919 [*Seðlaauki Íslandsbanka*].

Frá peningamálanefnd.

Lög nr. 57, 28. nóv. 1919, um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, skulu vera í gildi til 1. júní 1921.

Greinargerð.

Ofan nefnd lög falla úr gildi 1. maí næstkomandi, en með því að ný lög um seðlaútgáfu verða þá tæplega sett og samþykkt, virðist nauðsynlegt að framlengja gildandi lög um aukna seðlaútgáfu, þangað til ætla má að ný lög verði sett.